

Föstudaginn 6. mars 1992.

Nr. 499/1991. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Einari Birni Ingvasyni

(Kristján Stefánsson hrl.).

Þjófnaður. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma næstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Garðar Gíslason og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. desember 1991 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvaldsins til þyngingar refsingu.

Ákærði viðurkennir sök í málinu, en fer fram á, að sérstök refsing vegna brotsins verði ekki dæmd.

Staðfesta ber niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sakfellingu ákærða og færslu á broti hans til refsíákvæðis.

Ákærði á nokkurn sakaferil að baki þrátt fyrir ungan aldur, eins og rakið er í meginatriðum í hinum áfrýjaða dómi. Í því efni skiptir hér einkum máli, að hann var með dómi sakadóms Reykjavíkur 17. október 1990 dæmdur í 90 daga fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem framin voru í janúar og maí 1990, en refsingunni frestað skilorðsbundið í þrjú ár. Var þeirri frestun ekki haggð, þegar ákærði var síðar dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir brot gegn sama lagaákvæði og gegn 244. gr. laganna, sem framin voru á svipuðum tíma. Þá refsingu, er ákveðin var sem hegningarauki við skilorðsdóminn og annan fyrri refsisdóm, hefur hann afplánað að fullu.

Brot ákærða í máli þessu var eindregið, en beindist ekki að miklu verðmæti og leiddi ekki til tjóns. Með brotinu hefur hann rofið skilorð dómsins frá 17. október 1990. Þykir ekki verða hjá því komist að taka upp þann dóm samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, og dæma ákærða refsingu í einu lagi fyrir brot hans nú og brotin í fyrra málinu. Eftir atvikum og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga telst hún hæfilega ákveðin fangelsi þrjú mánuði.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, eins og nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Björn Ingvason, sæti fangelsi þrjú mánuði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefáns-sonar hæstaréttarlögmans, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. nóvember 1991.

Ár 1991, föstudaginn 22. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 619/1991: Ákærvaldið gegn Einari Birni Ingvasyni, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 13. nóvember sl., á hendur Einari Birni Ingvasyni, Hátúni 12, Reykjavík, fæddum 16. mars 1973, fæðingarnúmer 318, „fyrir þjófnað með því að hafa fimmtudaginn 12. september 1991 stolið eftirprentun af málverki á 1. hæð hússins nr. 12 við Hátún í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar”.

Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa 12. september sl. stolið eftirprentun af málverki í húsi nr. 12 við Hátún í Reykjavík. Málverkið komst til skila, og er ekki höfð skaðabótakrafa uppi í málinu.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var ákæru frestað skilorðsbundið á hendur honum árið 1988 fyrir þjófnað. 1990 var hann dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir rán, og var sá dómur staðfestur í Hæstarétti 22. febrúar sl. Hinn 13. júní sl. var hann dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað. Þá hefur hann verið sakfelldur fyrir skjalafals, en ekki verið gerð sérstök refsing, og enn fremur verið dæmdur í 90 daga fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir skjalafals.

Brot ákærða er rétt fært til refsíákvæðis í ákæruskjali.

Refsing ákærða nú þykir hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi.

Egan kostnað leiddi af rekstri málsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Björn Ingvason, sæti fangelsi 30 daga.
Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
